

# Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála á Snæfellsnesi

Leitað er að kraftmiklum leiðtoga til að stýra nýju sviði og leiða þróun umhverfis-, skipulags- og byggingarmála og yfirstjórn verklegra framkvæmda í samstarfi fjögurra sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Sviðsstjóri leiðir teymi starfsfólks sem fer með skipulags- og byggingarmál, verklegar framkvæmdir, eignaumsjón og önnur áhugaverð umhverfisverkefni og stjórnsýslu málaflöksins hjá samstarfssveitarfélögum.

## MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði byggingarmála og réttindi til að starfa sem byggingarfulltrúi, sbr. 8. gr. og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Þekking á góðum stjórnsýsluháttum og haldgóð reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skýr framtíðarsýn um þróun málefna sviðsins hjá samstarfssveitarfélögum. Reynsla af stefnumótun á málefna sviðinu er kostur.
- Reynsla af mannauðsstjórnun og verkefnastjórnun er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfileikar.
- Góð tölvukunnátta og þekking á stafrænni þjónustu.
- Stjórnunarhæfileikar og leiðtogafærni, þ.m.t. hæfni til að leiða hóp og skapa hvetjandi starfsumhverfi fyrir starfsfólk og jákvæða þjónustuupplifun viðskiptavina.
- Skýr sýn um árangurs- og lausnamiðaða nálgun í starfi.
- Frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni og skilvirkni.
- Góð færni í íslensku.
- Einlægur áhugi á metnaðarfullu faglegu starfi á málefna sviðinu.

## STARFSSVIÐ OG MEGINHLUTVERK

- Ábyrgð á daglegri starfsemi í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum, verklegum framkvæmdum og eignaumsjón í samstarfssveitarfélögum, rekstri sviðsins, áætlanagerð, mannauðsmálum og stjórnsýsluframtækni sviðsins.
- Leiðandi hlutverk í faglegri þróun þessa nýja sviðs og þátttaka í stefnumótun sveitarstjórnanna í framangreindum málaflökum.
- Er byggingarfulltrúi sveitarfélaganna fjögurra og sinnir lögbundnum skyldum sem því fylgja. Tryggir að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum sem varða viðfangsefni sviðsins sé framfylgt.
- Samstarf og ráðgjöf við fagnefndir sveitarfélaganna og bæjarstjóra/oddvita um verkefni sviðsins. Yfirumsjón með fundum nefnda á málefna sviðinu í samstarfi við formenn nefnda og/eða bæjarstjóra/oddvita.
- Ábyrgð á verklegum framkvæmdum og eignaumsjón, þar með talin gerð verk- og framkvæmdaáætlana, umsjón með hönnunarverkum og gerð útboðsgagna, verk- og kostnaðarefirlit.
- Samskipti og fyrirsvar gagnvart íbúum, opinberum stofnunum og öðrum hagsmunaaðilum um málefni sviðsins, fyrir hönd sveitarfélaganna, í samvinnu við bæjarstjóra/oddvita.
- Umsjón með umhverfisverkefnum sveitarfélaganna, náttúruvernd, fegrin umhverfis og umhirðu, opnum svæðum, umferðar- og samgöngumálum, sormálum.
- Leiðir stafræna þróun sveitarfélaganna á málefna sviðinu, framsetningu og miðlun upplýsinga til viðskiptavina og aðra stafræna þjónustu.
- Umsjón með stjórnsýslu framangreinda málaflökka, s.s. gjaldtöku, leyfisveitingum, opinberri skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga.

Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær eru fjögur af þeim fimm sveitarfélögum á Snæfellsnesi sem hlotið hafa EarthCheck umhverfisvottun í rúman áratug. Íbúar eru tæplega 2300 talsins, með þéttbýliskjarnana **Grundarfjörð** og **Stykkishólm**.

Á Snæfellsnesi er fjölskrúðug náttúra og gott mannlíf, atvinnuvegir eru fjölbreyttir og samfélagið fjölskylduvænt. Leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og framhaldsskóli er á svæðinu, lágvöruverslun og góðar samgöngur. Aðstaða er fyrir störf án staðsetningar t.d. fyrir maka. Ferðatími til höfuðborgarinnar er um 1,5 - 2 klst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi fagfélags.

Í umsókn skal greina frá menntun, fyrri störfum, hæfni út frá hæfnikröfum starfsins og öðru því sem umsækjandi telur máli skipta og varpað geti ljósi á færni hans til að sinna stöðu sviðsstjóra.

Umsókninni skal fylgja kynningarbréf, ferilskrá og samantekt þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um uppbyggingu sviðsins og þróun faglegs starfs þess.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar  
jakob@stykkisholmur.is, s. 433 8100

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar  
bjorg@grundarfjordur.is, s. 430 8500

**Umsóknnum ásamt fylgigögnum skal skilað í ráðningakerfi Alfreðs - alfred.is**

Öllum umsóknnum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2021**